

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Furulund.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 7. maí 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæði. Breytingin tekur til Furulundar 17-55 og felur í sér að snúningshaus við enda Furulundar, austan við lóð Furulundar 17-27, fellur út og minnkar skipulagssvæðið sem því nemur.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi iðnaðar- og verslunarsvæðis við Lund.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 6. febrúar 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæði.

Breytingin tekur til Viðjulundar 1, 2a og 2b og felur í sér að í stað núverandi byggingar á lóð Viðjulundar 1 verði reist tvö íbúðarhús, annað fimm hæða og hitt sex hæða, með ótilgreindum fjölda íbúða á hverri hæð auk geymslukjallara undir báðum húsum. Jafnframt er gert ráð fyrir hálfniðurgrafinni bilgeymslu með bílastæðum á þaki.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 6. júní 2024,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.